

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Íran, nr. 384/2014.

#### 1. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast í rétttri númeraröð við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

- Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1336 frá 14. maí 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, fylgiskjal 5.1.
- Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1338 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1529 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, fylgiskjal 6.1.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 13. júní 2024.*

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 5.1.****ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1336**

frá 14. maí 2024

**um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunadgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Hinn 20. júlí 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532<sup>(1)</sup>.
- Í ályktunum sínum frá 21. og 22. mars 2024 lýsti leiðtogaráðið því yfir að takmarka yrði aðgang Rússlands að viðkvæmum hlutum og tækni, sem hægt er að nota á vígvellinum, eins og frekast er unnt, þ.m.t. með því að beina sjónum að rekstrareiningum í þriðju löndum sem gera sniðgöngu refsiaðgerða mögulega. Leiðtogaráðið hvatti æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum (æðsta fulltrúann) og framkvæmdastjórnina til að undirbúa frekari refsiaðgerðir gagnvart Belarús (Hvíta-Rússland), Norður-Kóreu og Íran. Enn fremur lýsti leiðtogaráðið því yfir að Evrópusambandið myndi áfram vinna náið með svæðisbundnum og alþjóðlegum samstarfsaðilum að því að koma í veg fyrir enn frekari stigmögnun svæðisbundinna átaka, einkum í Líbanon og á Rauðahafinu. Leiðtogaráðið hvatti alla aðila, einkum Íran, til að láta af aðgerðum sem leiða til stigmögnunar.
- Hinn 14. apríl 2024 fordæmdi æðsti fulltrúinn, fyrir hönd Sambandsins, harðlega dróna- og flugskeytaárásir Írans á Ísrael 13. apríl 2024 sem fordæmalaus stigmögnun og ógnun við öryggi á svæðinu.
- Í ályktunum sínum frá 17. apríl 2024 fordæmdi leiðtogaráðið harðlega og með ótvíræðum hætti áráss Írans á Ísrael og ítrekaði fulla samstöðu sína með ísraelsku þjóðinni og skuldbindingu sína gagnvart öryggi Ísraels og stöðugleika á svæðinu. Leiðtogaráðið hvatti Íran og staðgengla þess til að láta af öllum árásum og hvatti alla aðila til að sýna ítrustu stillingu og gera ekkert sem aukið gæti á spennu á svæðinu. Í niðurstöðum leiðtogaráðsins var því enn fremur lýst yfir að Sambandið myndi grípa til frekari þvingunaraðgerða gegn Íran, einkum í tengslum við ómönnuð loftför (e. Unmanned Aerial Vehicles) og flugskeyti. Að lokum ítrekaði leiðtogaráðið að það væri enn fyllilega staðráðið í að stuðla að því að draga úr stigmögnun og auka öryggi á svæðinu.
- Rússland notar ómönnuð loftför, sem framleidd eru í Íran, í árásarstríði sínu gegn Úkraínu, sem brýtur gegn fullveldi, sjálfstæði og landamærahelgi þess lands, þ.m.t. gegn almennum borgurum og borgaralegum innviðum. Áætlun, sem íranska ríkið styður varðandi þróun og framleiðslu ómannaðra loftfara, stuðlar því að brotum á sáttmála Sameinuðu þjóðanna og á meginreglum þjóðaréttar.
- Sambandið lýsir þungum áhyggjum af fréttum þess efnis að Íranar kunni að flytja flugskeyti til Rússlands til notkunar í árásarstríði þess gegn Úkraínu.
- Útbreiðsla ómannaðra loftfara og flugskeyta sem framleidd eru í Íran og tengdrar tækni til vopnaðra sveita sem starfa ekki á vegum ríkja í og utan Austurlanda nær er mikið áhyggjuefni. Íran hefur flutt ómönnuð loftför og flugskeyti, sem framleidd eru í Íran, til vopnaðra hópa og rekstrareininga, þ.m.t. til Hamas, Hezbollah, Húta (Houthis) og hersveita í Sírlandi og Írak sem og til aðila að átökunum í Súdan.
- Birgðastjórnunardeild ráðuneytis varnarmála og herafla í Íran og Íslamska byltingarvarðliðið (e. the Islamic Revolutionary Guard Corps), sem bæði sæta refsiaðgerðum Sambandsins, annast framkvæmd skotflaugaáætlunar Írans, sem byggir á ríkisfyrirtækjum og einkafyrirtækjum og nýtur ávinnings af innlendri rannsóknargetu. Skotflaugaáætlun Írans felur í sér innkaup, þróun, framleiðslu og tilflutning á flugskeytum.
- Íran viðheldur langvarandi sambandi við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu, þ.m.t. við hryðjuverkasamtök eins og hernaðararm Hezbollah samtakanna og Hamas og hefur látið þeim í té flugskeyti, sem framleidd eru í Íran, og framleiðslutæki.
- Áframhaldandi útvegum Írans á vopnum og tengdum hergögnum til Húta er í trássi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015).
- Árásir Húta á miðlæggar siglingaleiðir í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu eru mikið áhyggjuefni með tilliti til hagsmuna Sambandsins og aðildarríkjanna. Með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/632<sup>(2)</sup> var siglingaverndaraðgerð Evrópusambandsins til verndar frelsi til siglinga í tengslum við hættuástand á Rauðahafi (EUNAVFOR ASPIDES) komið á fót. Það er Sambandinu og aðildarríkjunum í hag að samþykkja

ráðstafanir innan ramma sameiginlegu stefnunnar í utanríkis- og öryggismálum til að koma í veg fyrir að Hútar fái frekari aðgang að vopnum, t.d. flugskeytum og ómönnuðum loftförum, sem framleidd eru í Íran.

- 12) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er og til að bregðast við hernaðarstuðningi Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu sem og vegna afhendingar Írans á ómönnuðum loftförum og flugskeytum til vopnaðra hópa og rekstrareininga í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu, sem grefur undan friði og öryggi sem og fullveldi ríkja, þykir rétt að setja fram frekari þvingunaraðgerðir að því er varðar Íran. Endurskoða ætti aðgerðirnar reglulega og þær ætti að vera hægt að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla eða bæta við þær með öðrum þvingunaraðgerðum, í ljósi þróunar á vettvangi.
- 13) Einkum ætti að breyta titli ákvörðunar (SSUÖ) 2023/1532 og koma ætti á ferðatakmarkunum og aðgerðum til frýstingar eigna gagnvart aðilum sem bera ábyrgð á, styðja eða taka þátt í skotflaugaáætlun Írans eða sem láta í té, selja eða koma á annan hátt að tilflutningi á flugskeytum eða ómönnuðum loftförum, sem framleidd eru í Íran, eða tengdri tækni, til Rússlands til stuðnings árásarstríðs þess gegn Úkraínu, eða til vopnaðra hópa og rekstrareininga sem grafa undan friði og öryggi í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu, eða eru brotlegir við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015).
- 14) Einnig þykir rétt að banna útflutning frá Sambandinu til Írans á frekari íhlutum sem unnt er að nota við þróun og framleiðslu á ómönnuðum loftförum.
- 15) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 16) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:  
„Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1532 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu.“
- 2) Í stað 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:  
„1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari einstaklingar:
  - a) sem bera ábyrgð á, styðja eða taka þátt í áætlun Írans um ómönnuð loftför eða skotflaugaáætlun Írans,
  - b) sem láta í té, selja eða koma á annan hátt að tilflutningi á ómönnuðum loftförum eða flugskeytum, sem framleidd eru í Íran, eða tengdri tækni:
    - i. til Rússlands til stuðnings árásarstríðs þess gegn Úkraínu,
    - ii. til vopnaðra hópa og rekstrareininga sem grafa undan friði og öryggi í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu,
    - iii. til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem brjóta í bága við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015) eða
  - c) sem tengjast einstaklingum sem um getur í a- eða b-lið eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skráð eru skv. 1. mgr. 3. gr.,og eru á skrá í viðaukanum.“
- 3) Í stað 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:  
„1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstraraðila eða stofnana:
  - a) sem bera ábyrgð á, styðja eða taka þátt í áætlun Írans um ómönnuð loftför eða skotflaugaáætlun Írans,
  - b) sem láta í té, selja eða koma á annan hátt að tilflutningi á ómönnuðum loftförum eða flugskeytum, sem framleidd eru í Íran, eða tengdri tækni:
    - i. til Rússlands til stuðnings árásarstríðs þess gegn Úkraínu,
    - ii. til vopnaðra hópa og rekstrareininga sem grafa undan friði og öryggi í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu,

- iii. til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem brjóta í bága við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015) eða
- c) sem tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið, og eru á skrá í viðaukanum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 14. maí 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

V. VAN PETEGHEM

(<sup>1</sup>) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1532 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 20).

(<sup>2</sup>) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/632 frá 19. febrúar 2024 um að koma á fót siglingarverndaraðgerð Evrópusambandsins til verndar frelsis til siglinga í tengslum við hættuástand á Rauðahafi (EUNAVFOR ASPIDES) (Stjtið. ESB L, 2024/632, 20.2.2024, ELL: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/632/oj>).

## **Fylgiskjal 6.1.**

### **REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1338**

**frá 14. maí 2024**

**um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1529 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1336 frá 14. maí 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu(<sup>1</sup>),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Hinn 20. júlí 2023 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) 2023/1529(<sup>2</sup>).
- Með reglugerð (ESB) 2023/1529 koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1532(<sup>3</sup>).
- Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er að því er varðar hernaðarstuðning Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu samþykkti ráðið, 14. maí 2024, ákvörðun (SSUÖ) 2024/1336 um breytingu á ákvörðun (ESB) 2023/1532.
- Breyta ætti reglugerð (ESB) 2023/1529 og koma ætti á aðgerðum til frýstingar eigna gagnvart einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem bera ábyrgð á, styðja eða taka þátt í skotflaugaáætlun Írans eða sem láta í té, selja eða koma á annan hátt að tilflutningi á flugskeytum eða ómönnum loftförum, sem framleidd eru í Íran, eða tengdri tækni, til Rússlands til stuðnings árásarstríðs þess gegn Úkraínu, eða til vopnaðra hópa og rekstrareininga sem grafa undan friði og öryggi í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu, eða eru brotlegir við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015). Einnig ætti að breyta titli reglugerðar (ESB) 2023/1529 til samræmis við það.
- Einnig þykir rétt að banna útflutning, sölu, tilfærslu eða afhendingu til Írans á frekari íhlutum sem unnt er að nota við þróun og framleiðslu á ómönnum loftförum.
- Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1529 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) 2023/1529 er breytt sem hér segir:

## 1) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/1529 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu“.

## 2) Í stað 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstraraðila eða stofnana:

- sem bera ábyrgð á, styðja eða taka þátt í áætlun Írans um ómönnuð loftför eða skotflaugaáætlun Írans,
- sem láta í té, selja eða koma á annan hátt að tilflutningi á ómönnuðum loftförum eða flugskeytum, sem framleidd eru í Íran, eða tengdri tækni:
  - til Rússlands til stuðnings árásarstríðs þess gegn Úkraínu,
  - til vopnaðra hópa og rekstrareininga sem grafa undan friði og öryggi í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu,
  - til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem brjóta í bága við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015) eða
- sem tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið, og eru á skrá í III. viðauka.“

## 3) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,  
forseti.*

V. VAN PETEGHEM

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/1336, 15.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1336/oj>.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/1529 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1532 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 20).

## VIÐAUKI

[Viðaukarnir eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1338/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)